

2004 nr. 75 7. júní**Lög um stofnun Landsnets hf.**

Tóku gildi 18. júní 2004. *Breytt með* l. 30/2008 (tóku gildi 19. apríl 2008; *EES-samningurinn*: IV. viðauki tilskipun 2001/77/EB) og l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnavið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **iðnaðar- og viðskiptaráðherra** eða **atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ **1. gr.** [Ráðherra]¹⁾ skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags er skal annast raforkuflutning og kerfisstjórnun samkvæmt ákvæðum III. kafla raforkulaga, nr. 65/2003.

□ [Ráðherra]¹⁾ annast undirbúning að stofnun Landsnets hf. og fer með framkvæmd laga þessara.

¹⁾ L. 126/2011, 386. gr.

■ **2. gr.** [Hlutverk Landsnets hf. er að annast flutning raforku og kerfisstjórnun samkvæmt ákvæðum III. kafla raforkulaga, nr. 65/2003, og er því óheimilt að stunda aðra starfsemi en þá sem því er nauðsynleg til að geta rækt skyldur sínar samkvæmt raforkulögum eða öðrum lögum.]¹⁾ Hlutafélaginu er þó heimilt að reka raforkumarkað. Stjórn Landsnets hf. skal vera sjálfstæð gagnvart öðrum fyrirtækjum sem stunda vinnslu, dreifingu eða sölu raforku eftir því sem nánar er ákveðið í samþykktum þess.

¹⁾ L. 30/2008, 12. gr.

■ **3. gr.** Ríkissjóður Íslands er eigandi alls hlutafjár í Landsneti hf. við stofnun þess. [Ráðherra]¹⁾ fer með eignarhlut ríkisins í Landsneti hf. Stjórn Landsnets hf. skal skipuð þremur mönnum sem [ráðherra]¹⁾ fær til starfans án tilnefningar.

¹⁾ L. 126/2011, 386. gr.

■ **4. gr.** Landsnet hf. skal frá 1. janúar 2005 annast rekstur þeirra flutningsvirkja er falla undir skilgreiningu 6. tölul. 3. gr. raforkulaga, nr. 65/2003. Fram að þeim tíma skal það undirbúa reksturinn m.a. með því að koma fram gagnvart eigendum flutningsvirkja við mat á verðmæti slíkra eigna, sbr. ákvæði til bráðabirgða XI í sömu lögum.

□ Heimilt skal að selja allt hlutafé ríkissjóðs í Landsneti hf. þegar flutningsvirki skv. 6. tölul. 3. gr. raforkulaga, nr. 65/2003, hafa verið metin endanlegu mati og fyrir liggur hvort eigendur þeirra kjósa að leggja flutningsvirkin inn í Landsnet hf. sem hlutafé. Kaupendur hlutafjár geta einungis verið eigendur þeirra flutningsvirkja er falla undir 6. tölul. 3. gr. raforkulaga, nr. 65/2003.

■ **5. gr.** Í stofnyfirlýsingu Landsnets hf. skal mælt fyrir um þau atriði sem áskilið er að fram komi í stofnsamningi samkvæmt hlutafélagalögum að öðru leyti en getið er um í lögum þessum.

■ **6. gr.** Um skattskyldu Landsnets hf. skal fara eins og um skattskyldu annarra orkufyrirtækja.

■ **7. gr.** Stofna skal Landsnet hf. á stofnfundi sem haldinn skal eigi síðar en 1. júní 2004. Á fundinum skal kjósa stjórn Landsnets hf. og skal hún starfa þar til ný stjórn hefur verið kosin á fyrsta aðalfundi eftir að lokaniðurstaða verðmats flutningsvirkja samkvæmt ákvæði til bráðabirgða XI í raforkulögum, nr. 65/2003, liggur fyrir. Fram að því tímamarki skal Landsnet hf. hafa það verkefni að undirbúa starfsemi sína.

■ **8. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi.